

Alþingi 5.7.2016

Malsnr.: 1511067

Málalykill: 0.34.9

Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 30. júní 2016

Tilvísun: 2016060953GIÁ/-

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á einkavæðingu bankanna, hinni síðari.

Persónuvernd vísar til beiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis frá 13. júní 2016 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á einkavæðingu bankanna, hinni síðari. (330. mál á 145. löggjafarþingi, þskj. 392).

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 68/2011 um rannsóknarnefndir segir að forseti Alþingis skipi rannsóknarnefnd ef Alþingi samþykkir ályktun þar um. Gert er að skilyrði í ákvæðinu að um ræði mikilvæg mál sem almenning varða. Í umræddri þingsályktunartillögu felst það mat flutningsmanna að svo sé. Persónuvernd tekur ekki efnislega afstöðu til þess mats. Komi hins vegar til umræddrar rannsóknar leggur Persónuvernd áherslu á að við framkvæmd hennar verði farið að ákvæðum laga nr. 68/2011; lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga að því marki sem rannsóknin er ekki undanþegin þeim lögum, sbr. 14. gr. laga nr. 68/2011; og að gætt verði stjórnarskrárvárinna réttinda að því marki sem rannsóknin kann að fela í sér íhlutun í friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar.

F. h. Persónuverndar


Þórunn Sveinsson


Gunnar Ingi Ágústsson